

Nd. **494. Breytingartillögur** [206. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá Jóni Baldvín Hannibalssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 1. gr.

a. Upphaf 1. mgr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:

b. 2. mgr. orðist svo:

Skiptingu þingsæta milli kjördæma skal ákveða í kosningalögum.

c. 3. málsg. orðist svo:

Við úthlutun þingsæta samkv. kosningaúrslitum skal þess gætt, að hver þingflokkur fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína.